

## **Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!**

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta. Mig langar þó að benda áhugasömum á heimsíðu skólans og ársskýrslurnar sem þar er að finna.

**Skólinn var settur 24. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 19. maí. Við upphaf haustannar voru skráðir 137 nemendur í skólanum, 94 stúlkur og 43 piltar. 41 nemandi hóf nám í fyrsta bekk, 50 í öðrum bekk og 46 í þriðja bekk. Á þessu vori gengust 128 nemendur undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 45 stúdentar. 23 af félags- og hugvísindabraut og 22 af náttúruvísindabraut.**

Nýnemavikan einkenndist líkt og áður af gleði. Vikunni lauk með litskrúðugri gleðigöngu og skírn fyrstu bekkinga inn í skólasamfélagið í dásamlegu haustveðri.

Hér áður fyrr tíðkaðist að allur skólinn færi í fjallgöngu að hausti. Sú hefð, sem legið hefur í dvala um nokkurra ára skeið, var endurvakin síðasta haust. Gengið var á Laugarvatnsfjall í rúmlega 20 stiga hita.

Eftir veirutíð voru nemendur mjög áfram um að endurvekja fleiri hefðir. Hlutverk ármanns var ein þeirra. Með hliðsjón af þessari gömlu hefð var svokölluð Ármannsvika skipulögð síðasta haust. Þá viku gengu stjórnarmeðlimir nemendafélagsins Mímis um vistir og vöktu alla nemendur skólans, við mismiklar undirtektir félaga sinna eins og gengur.

Kynningardagur ML var haldinn hátíðlegur þann 10. nóvember. Þá heimsóttu okkur grunnskólanemendur víðsvegar af Suðurlandi. Dagkránni lauk með söngkeppni Blítt og létt þar sem Óskar Snorri Óskarsson og hljómsveitin Kóma báru sigur úr bítum.

Farið var í fjölmargar vettvangs- og skoðunarferðir. Má þar nefna Njáluferð, forvarnarferð, jarðfræðiferð og langþráðar Berlínar- og Parísarferðir. Myndlistarnemar á þriðja ári heimsóttu listasöfn í Reykjavík og Gullkistuna hér á Laugarvatni. Nemendur í umhverfis- og vistfræði heimsóttu meðal annars Sorpu og fyrirtækið Furu. 3F skellti sér í lystitúr með íslenskukennaranum sínum þar sem þau heimsóttu Gljúfrastein, Konubókastofu og Byggðasafn Árnesinga. Stjórn málafræðinemar kynntu sér Alþingi og drukku síðdegiskaffi með Guðna forseta á Bessastöðum.

Val í útivist á sinn sess í skólastarfinu. Farið var í ýmsar útivistarferðir og má þar nefna skíðaferð í Skagafjörð á skíðasvæði Tindastóls.

Við fengum fjölmargar heimsóknir á skólaárinu. Meðal annars kom Geðlestin til okkar í október, ásamt tónlistarmanninum Emmsjé Gauta. Í febrúar var ML-ingum boðið á leiksýninguna *Góðan daginn faggi* í íþróttahúsinu, en sýningin fjallar um hinsegin málefni.

Stjórnarskipti í nemendafélaginu Mími fóru fram í byrjun febrúar og er nýr stallari Agnes Fríða Þórðardóttir frá Tyrfingsstöðum í Ásahreppi.

Leikritið *Sódóma Reykjavík* var frumsýnt 2. mars. Leikstjórar voru Agnes Fríða Þórðardóttir og Ragnar Leó Sigurgeirsson, nemendur í öðrum bekk. Haldnar voru fjórar sýningar í Aratungu fyrir fullu húsi og mætti Guðni forseti á frumsýninguna.

Nemendur gerður sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Þrautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var haldin með glæsibrag í matsal skólans þann 17. mars. Hljómsveitin Stuðlabandið lék fyrir dansi í N-stofu.

12. apríl síðastliðinn var 70 ára afmælisdagur skólans. Hátíðardagskrá fór fram í íþróttahúsinu þar sem Guðni forseti, góðvinur okkar leyfi ég mér að segja, mætti að sjálfsögðu sem og fleiri góðir gestir. Við þetta tilefni var afhjúpað málverk af fyrrum skólameistara, Halldóri Páli Halldórssyni. Gunnar Júlíusson málaði verkið, en hann útskrifaðist úr ML árið 1987. Nemel gaf skólanum verkið. Dagskránni lauk svo með opnu húsi og afmæliskaffi í skólahúsinu.

Í vetur voru um 92% nemenda í kórnum, líkt og á síðasta skólaári. Í október voru æfingabúðir í Aratungu og jólatónleikar á sínum stað í Skálholti. Í apríl hélt kórinn í langþráða ferð til Bolzano á Ítalíu, en þessari ferð hafði verið frestað á covid-tímanum. Kórinn hélt tvö tónleika á Ítalíu. Eftir einkar vel lukkaða utanlandsferð voru haldnir tvö tónleikar í Guðríðarkirkju. Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir, sem stýrir honum af stakri þryði.

Undanfarin ár hefur skólinn verið þátttakandi í alþjóðlegu Erasmus+ verkefni sem ber heitið *Shapes of Water*. Í október tókum við á móti gestum frá Portúgal, Finnlandi og Tékklandi. Síðasti liðurinn í þessu verkefni var Azoreyjaferð í byrjun maí sem nokkrir nemendur fóru í, ásamt kennurum. María Carmen Magnúsdóttir hefur stýrt verkefninu af hálfu ML.

Dimissio hafði sinn stað 5. maí og mátti þá sjá fígúruna Pésa breiðnef glaðbeittan á vappi um þorpið.

**Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 38, þar af 22 við kennslu og stjórnun.**

Við fengum nokkra fræðslufyrirlestra í vetur sem ýmist voru mjög fróðlegir eða kitluðu hláturtaugarnar þannig að tárin runnu.

Nú í byrjun júní heldur hluti starfsfólks ásamt mökum til Færeyja, en sum hafa beðið lengi eftir þessari ferð. Ætlunin er að skoða bæði skóla og fræðast um sögu og menningu Færeyja. Ég efast ekki um að frændur okkar munu taka vel á móti hópnunum.

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

### **Ágætu verðandi nýstúdentar!**

Skólaganga ykkar hér í ML hefur að vissu leyti verið sérstök þar sem covid veiran hafði mikil áhrif framan af. Nú sitjið þið hér og náðuð því markmiði sem þið settuð ykkur fyrir þremur árum. Reynslan og lærdómurinn sem þið hafið öðlast á leiðinni er gott veganesti fyrir nýju markmiðin sem fram undan eru. Munið bara að vera þið sjálf og ekki hika við að láta drauma ykkar rætast. Þið skulið ávallt hlúa vel að heilsunni því hún er grunnurinn að öllu öðru. Nokkur í hópnunum gætu reyndar þurft að færa lögheimili sitt úr tækjasalnum í þessari byggingu. En það er allt í lagi. Það eru til aðrir tækjasalir, ný tækifæri.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir, áfangastjóri